

LÖG

um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um landmælingar og grunnkortagerð (tímabundin setning forstjóra).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að framlengja tímabundna setningu forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til 30. september 2024. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um setningu í embættið til þess tíma.

II. KAFLI

Breyting á lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006.

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að framlengja tímabundna setningu forstjóra Landmælinga Íslands til 30. september 2024. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um setningu í embættið til þess tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 2023.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Guðrún Hafsteinsdóttir.